

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Framundan er viðburðarík vika, sannkölluð afmælisvika en föstudaginn 1. október fagnar skólinn 139 ára afmæli sínu. Flensborgarskólinn er með elstu starfandi skólum á Íslandi en hefur tekið margvíslegum breytingum í gegnum árána rás. Í dag erum við öflugt skólasamfélag, skapandi og frjó í kennsluháttum, leiðandi skóli í heilsueflingu og í óðaönn við að innleiða græn skref bæði í rekstri skólans og í öllu daglegu starfi hans. Við getum svo sannarlega verið stolt af skólanum okkar og hugmyndin er að nota vikuna til þess að gleðjast saman af því tilefni á einn eða annan hátt.

Miðvikudagurinn 29. september

Hátíðarfundur starfsmanna kl. 14:45. Á dagskrá er m.a. stutt erindi umhverfisnefndar og vígsla *Græna torgsins*, kynning á starfsáætlun heilsueflandi framhaldsskóla og erindi um fjallgöngur, heilsubót og útiveru.

Fimmtudagurinn 30. september – afmælisdagskrá í sal skólans. Fyrir nemendur og starfsfólk.

Klukkan: 11:35 – Bergsveinn Ólafsson verður með erindi sem ber yfirskriftina *Axlaðu eins mikla ábyrgð og þú getur*. Hljómsveitin *Hipsumhaps* lítur við, ís og fleira.

Dagskrá lýkur klukkan 12:35 og geta því nemendur farið beint í næstu kennslustund.

Föstudagurinn 1. október - Uppsóps- og hleðsludagur.

Kennsla fellur niður en nemendur og kennarar eru hvattir til að nýta tímann til vinna upp verkefni og hlaða batteríin.

Við minnum á **raungreinaver sem hefst á morgun klukkan 15:45 í stofu H202**. Þar er hægt að fá stuðning í stærðfræði og raungreinum, nemendum að kostnaðarlausu. Einnig minnum við á **núvitundarstund í fyrramálið, klukkan 09:35 í Kotinu**, sem er fyrir framan H202.

Að lokum er gaman að segja frá því að foreldraráð skólans boðar til aðalfundar **þriðjudaginn 5. október kl. 17:30**. Fundurinn fer fram í sal skólans. Á fundinum fara fram hefðbundin aðalfundarstörf og verður kosið í nýja stjórn en einnig verður boðið upp á fyrirlestur um lesblindu. Nánari upplýsingar koma síðar.

Með von um að við njótum öll – áfram Flensborg!

Erla

